

Helstu forsendur áætlunar:

Aðalsjóður- skatttekjur

Reiknað er með að útsvarstekjur nemi 316.550.000 kr. á árinu 2022. Byggjast þær forsendur á áætlun frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir að eftiráálagning vegna ársins 2021 verði 32.440.000 kr. Lækkun vegna afsláttar til eldri borgara og öryrkja er um 1.500.000 kr.

Áætlun um fasteignaskatt byggist á bráðabirgðaáætlun fyrir árið 2022 og er keyrð út úr FMR m.v. óbreytt álagningarhlutföll. Fasteignaskattur v. 2022 er áætlaður 330.881.000 kr. Fyrir liggur að 7,1% hækkun verði á fasteignamati í Skeiða- og Gnúpverjahreppi skv. upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands.

Framlög úr jöfnunarsjóði eru áætlaðar 90.050.000 kr.

Lóðarleiga innheimtist skv. lóðarleigusamningum.

Aðalsjóður- rekstur málaflokka

Rekstur hvers málaflokks hefur verið yfirfarinn með því að taka út stöðu hvers flokks um miðjan október 2021 og bera þá stöðu saman við árið 2020. Fundað hefur verið með stjórnendum einstakra rekstrareininga og farið yfir rekstrarliði. Reiknað er með að verðlagshækkanir verði um 3%. Samningar kennara og leikskólakennara eru lausir nú um áramótin 2021-2022 og er gert ráð fyrir allt að 5% launahækkunum á næsta ári. Upplýsingar um áætluð framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga sem sveitarfélagið er aðili að hafa borist og gert er ráð fyrir þeim í áætluninni.

Gert er ráð fyrir að gjaldskrár hækki um 3% að frátöldum leikskólagjöldum sem hækka um 5% og gjöldum v. sorpeyðingu sem hækka um 7%, en sú hækkun stafar að auknum kostnaði á þeim málaflokki. Aðrar þjónustutekjur sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlaðar með hliðsjón af fasteignamati og gjaldskrá.

Aðalsjóður- fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Gert er ráð fyrir vaxtatekjum af innistæðum og vaxtagjöldum og verðbótum af langtímalánum.

Eignasjóður- rekstur

Á eignarsjóð færast til tekna innri leiga af aðalsjóði. Byggjast þær tekjur af útreiknaðri leigu frá KPMG v. ársins 2021 og er gert ráð fyrir 3,5% hækkun á milli ára. Beinn rekstrarkostnaður eins og viðhald, fasteignagjöld og tryggingar færast til gjalda. Gert er ráð fyrir töluverðum viðhaldskostnaði bæði í Þjórsárskóla, að fjárhæð 10.000.000 kr. en mála þarf húsið að utan og huga að gluggum, og að fjárhæð 15.000.000 kr. í Brautarholti en ljóst er að gera þarf við stóra gluggann í millibyggingunni.

Eignasjóður- fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld af langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána.

Eignasjóður- fjárfestingar og lántökur

Ekki hefur verið tekinn fundur fyrir fyrri umræðu fjárhagsáætlunar um fjárfestingar á árinu 2022 en í áætlun er gert ráð fyrir geymsluskúr við Neslaug að fjárhæð 1.000.000 kr. og fótboltamörkum á fótboltavöll fyrir 1.000.000 kr.

Í áætlun fyrir 2022 er færð fjárfesting frá árinu 2021 v. vegar að Stóra- Núpi að fjárhæð 10.000.000 kr. Gert er ráð fyrir að greidd gatnagerðargjöld á árinu 2021 verði 4.000.000 kr.

Gert er ráð fyrir fjárfestingu við tjaldsvæðið að fjárhæð 1.000.000 kr. v stækkunar á svæðinu. Ósk hefur borist frá Þjónustumiðstöð um nýjan bíl og er gert ráð fyrir 3.500.000 kr. í þá fjárfestingu.

Eftir á að taka tillit til þessarra fjárfestinga í sveitarstjórn og því ekki um lokaniðurstöðu að ræða.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir v. fráveitu á Skólabraut færist yfir til ársins 2022, að fjárhæð 11.950.000 kr.

Taka þarf tillit til gatnagerðaframkvæmda við ný hverfi í sveitarfélaginu og breytinga á deiliskipulagi í Brautarholti.

Gert er ráð fyrir lántöku í áætlun að fjárhæð 33.000.000 til að endurfjármagna yfirdráttarheimild frá árinu 2021.

Þjónustumiðstöð- Áhaldahús

Gert er ráð fyrir í áætlun þjónustumiðstöðvar að þjónusta starfsmanns áhaldahús sé færð á þá málaflokka og stofnanir sem hann er að þjónusta hverju sinni.

Annað

Gert er ráð fyrir að afborganir af lánum sem sveitarfélagið er greiðandi að verði í samræmi við skilmála þeirra.

B- hluta stofnanir:

Fráveita

Gert er ráð fyrir taprekstri að fjárhæð 12.533.000 kr. Tekjur v. fráveitu nema 7.484.000 kr. A sjóður leggur til 1.500.000 kr. í framlag til rekrarins. Afskriftir nema 5.900.000 kr. Að teknu tilliti til framagreinds leiðir að EBITA málaflokksins er neikvæð um 627.000 kr. Tekjur af fráveitu hækka um 3% skv. gjaldskrá á árinu. Þar sem er hreinsistöð er gjaldið 0,25% af fasteignamati.

Hitaveita

Áætlað er að Hitaveita Brautarholts skili hagnaði að fjárhæð 1.700.000 kr. Bora þarf nýja holu í Brautarholti.

Félagslegar íbúðir

Gert er ráð fyrir taprekstri á rekstri félagsíbúða að fjárhæð 3.661.000 kr. Ljóst er að fara þarf í miklar framkvæmdir við endurbætur á íbúð við Bugðugerði 5b og er gert ráð fyrir 3.000.000 kr. í áætlun v. þeirra.

Leiguíbúðir

Gert er ráð fyrir hagnaði v. leiguíbúða að fjárhæð 476.000 kr. en ljóst er að fara þarf í viðhaldsaðgerðir á þaki v. leka, gert er ráð fyrir 1.000.000 kr. í það verkefni.

Vatnsveita

Gert er ráð fyrir hagnaði að fjárhæð 2.362.000 kr. v. vatnsveitunnar.

Fjarskiptafélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Gert er ráð fyrir hagnði að fjárhæð 1.992.000 kr. Reksturinn hefur verið skoðaður vel á árinu og komið í veg fyrir tekjuleka sem vonandi fara að skila inn auknum tekjum. Gert er því ráð fyrir að tekjur fyrir árið 2022 verði um 12.000.000 kr. Gert er ráð fyrir 3.000.000 kr. í rekstrarkostnað og afskriftir eru 4.452.000 kr.

Heildarniðurstaða

Gert er ráð fyrir að tekjuafgangur verði á samstæðu rekstrarins v. ársins 2022 að fjárhæð 15.375.000 kr. Skv. áætlun um sjóðsstreymi er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri muni nema 54.000.000 og verður það nýtt til að greiða fyrir fjárfestingar á árinu og afborgunum langtímalána. Áætluð endugreiðsla af langtímalánum á árinu er áætluð um 21.700.000 kr.